

því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem 12
atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

24. jan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

13

24. jan.

um breyting á lögum nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund krónum“ í 1. gr. laganna kemur: 225 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 225 þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

14

24. jan.

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.

2. gr.

Fyrir orðin „680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund“ í 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 112 1943) kemur: 1280000 — einnar millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 112 1943.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkvæmt 2. efnismálgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1944.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

um manneldisráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í manneldisráði eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins, og fjórir læknar aðrir, er ráðherra skipar til fimur ára í senn, og skal að minnsta kosti einn þeirra vera sérfróður um heilbrigðis- og manneldismál.

Ef manneldisráð telur þörf á, skipar ráðherra samkvæmt tillögum ráðsins einn eða tvo sérfræðinga til viðbótar í ráðið. Menn þessir skulu skipaðir til ráðuneytis um tiltekin viðfangsefni.